



**SAMÞYKKTIR FYRIR MP BANKA HF.**  
**ARTICLES OF ASSOCIATION FOR MP BANKA HF.**

Móttekið hjá RSK

17. Nóv. 2011

Fyrirtækjaskrá

**1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR**  
**COMPANY NAME, DOMICILE AND OBJECT**

- 1.1 Heiti félagsins er MP banki hf.  
*The name of the company is MP banki hf.*
- 1.2 Félagið er hlutafélag.  
*The Company is a limited liability company.*
- 1.3 Heimili félagsins er að Ármúla 13a, 108 Reykjavík.  
*The domicile of the Company is at Ármúli 13a, 108 Reykjavik.*
- 1.4 Tilgangur félagsins er að veita fjármálþjónustu. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri dótturfélaga.

*The purpose of the Company is to provide financial services. The Company shall be authorized to engage in those operations that commercial banks are permitted to carry out in accordance with law and with the Company's operating license. The Company is authorized to achieve its objectives through establishment and operation of subsidiaries.*

**2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS**  
**SHARE CAPITAL OF THE COMPANY**

- 2.1 Heildarhlutafé félagsins er kr. 5.554.000.000. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.  
*The total share capital of the Company is ISK 5,554,000,000. There are no restrictions on shareholders' rights to dispose of their shares in the Company.*
- 2.2 Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 250.000.000 kr. með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins skal ákveða nafnverð nýrra hluta, gengi, greiðslukjör og hvort unnt sé að greiða fyrir þá með öðru en reiðufé. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum heldur ákveður stjórn hverjir geta skráð sig fyrir þeim. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um tilhögun áskriftar. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður við næsta aðalfund að því marki sem hún er þá enn ónotuð.



*The Board of Directors of the Company is authorized to increase its share capital by up to ISK 250,000,000 through a subscription for new shares. The Board shall determine the nominal value of the new issue, price of the new shares and the terms of payment, as well as whether it is permissible to pay for them otherwise than with cash. Shareholders shall not have the pre-emptive right to subscribe for the new shares, instead, the Board shall decide who may describe. The Board may set further rules concerning the subscription. The new shares may be sold or hypothecated in the same manner as precious shares in the Company from the date of record of the share capital increase. The authority of the Board of Directors to increase share capital in accordance with this paragraph shall expire at the next Annual General Meeting to the extent that it has not been exercised by that time.*

- 2.3 Stjórn félagsins, fyrir hönd félagsins, er heimilt að kaupa eigin hlutabréf, sbr. 55 gr. hlutafélagalaga. Hámarksfjöldi keyptra hluta skal vera allt að 10% af hlutafé félagsins. Kaupverð hluta skal vera að lágmarki nafnverð hlutabréfanna, þ.e. gengið 1, og að hámarki gengið 10. Heimildin gildir til næsta aðalfundar félagsins.

*The Board of Directors, on behalf of the Company, shall be authorized to purchase own shares in the Company, cf. Article 55 of the Companies Act. The purchase price shall be, at a minimum, the nominal value of the shares, e.g. the value 1, and, at a maximum, the value 10. The authorization is effective until the next Annual General Meeting of the Company.*

- 2.4 Félaginu er óheimilt að taka hluti í félaginu að veði.

*The Company shall not be authorized to accept shares in the Company as security.*

- 2.5 Hver hlutur er að fjárhæð ein króna (1. kr.) að nafnverði, eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Gefa má út eitt hlutabréf vegna heildarhlutafjáreignar hvers hluthafa eða deila hlutafjáreigninni niður á fleiri bréf.

*Each share in the Company corresponds to one Icelandic króna (ISK 1) in nominal value or multiple thereof. A single share certificate may be issued in respect of the entire holdings of each shareholder or the holding may be divided into a greater number of certificates.*

- 2.6 Sé ekki kveðið á um annað í samþykktum þessum skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim reglum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

*Unless otherwise provided for in these Articles of Association, shareholders shall have pre-emptive rights to all increases in share capital in equal proportion to their registered holdings in the Company. In other respects the issue of such shares shall be*



governed by the rules established by the Board as decided at shareholders' meetings at any time.

- 2.7 Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal hann skráður sem eigandi í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum og sem veitir honum réttindi í félaginu svo sem lög og samþykktir þessar mæla fyrir um.

*When a shareholder has paid for his or her share in full, he shall be registered as owner electronically in a Securities Depository which is operating pursuant to Act No. 131/1997, as amended, which entitles him or her to all rights in the Company provided for by law and these Articles.*

- 2.8 Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess.

*The shares in the Company are registered electronically in a Securities Depository which is operating pursuant to Act No. 131/1997, as amended. A statement from the Securities Depository concerning title to shares in the Company constitutes an adequate share register.*

- 2.9 Gagnvart félaginu skal rafræna hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Hluthafi skal tilkynna félaginu heimilisfang sitt, en sé slíkt ekki gert telst skráð lögheimili hluthafa vera heimilisfang hans. Félagið ber enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðskipti. Hluthafi getur vitjað arðs á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því að hann varð gjaldkræfur, að þeim tíma liðnum fellur hann til félagsins.

*For the Company, the Register of Shares shall constitute valid proof of title to shares in the Company. Dividends and any notices to shareholders shall be sent to the party registered as the owner of the share in question in the Company's Register of Shares on the day of remittent. Shareholders shall notify the Company of their address; in the absence of such notification each shareholder's registered legal domicile shall be regarded as his or her address. A shareholder may collect dividends at the office of the Company within four years of the dividends falling due; after the time any dividends shall revert to the Company.*

- 2.10 Hver hluthafi er skyldur til að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar að verða breytt á lögumhátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.



*Each shareholder is under obligation to abide by the Articles of Association of the Company in their current form or as lawfully amended at any time. Notwithstanding the above, shareholders shall not be obligated by these Articles of Association or any amendments thereto to increase their holdings in the Company or to endure redemption of their shares.*

- 2.11 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hlutahafafundar.

*Shareholders shall not be liable for the commitments of the Company beyond their share in the Company unless they accept such liability by means of separate legal instrument. This provision cannot be amended or deleted by any resolution of any shareholder's meeting.*

- 2.12 Engin sérrettindi fylgja neinum hlut í félaginu.

*No privileges are attached to any shares in the Company.*

### **3. HLUTHAFAFUNDIR SHAREHOLDER'S MEETINGS**

- 3.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hlutahafafunda.

*The supreme authority in all the affairs of the Company, within the limits established by its Articles of Association and statutory law, is in the hands of lawful shareholders' meetings.*

- 3.2 Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

*The Annual General Meeting of the Company shall be held before the end of the month of June each year.*

- 3.3 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- 4) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 5) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 6) Starfskjarastefna félagsins.



Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.  
Önnur mál.

*The agenda of the Annual General Meeting shall include the following items of business:*

- 1) The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding year of operation.*
- 2) The annual financial statement of the Company, along with the Auditor's notes, shall be submitted for approval. Concurrently with discussion of the annual financial statement, a decision shall be made concerning the disposal of the profit or loss of the Company during the fiscal year.*
- 3) Proposals for amendments to the Articles of Association of the Company.*
- 4) Elections of members and alternate members to the Board of Directors of the Company.*
- 5) Election of auditors of the Company.*
- 6) The Company's remuneration policy.*
- 7) Decision on the remuneration of the Board of Directors.*
- 8) Other issues.*

- 3.4 Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/3 hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í 1) og 2) lið greinar 3.3, til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

*If shareholders controlling a minimum of 1/3 of the share capital so request in writing at an Annual General Meeting, decision on the matters specified in clauses (1) and (2) of sub-section 4.03.1 shall be postponed until an adjourned Annual General Meeting which shall be held at the earliest one month and at the latest two months later. Requests for further postponement are not permitted.*

- 3.5 Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hlutahafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á hlutahafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

*The Board of Directors of the Company shall call a shareholder's meeting within six months if equity according to the books of the Company falls below half of the listed share capital. At the meeting, the Board of Directors shall explain the financial situation of the Company and, if necessary submit proposals for any required measures, which may include the dissolution of the Company.*

- 3.6 Stjórn félagsins skal boða til hlutahafafundar þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hlutahafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/10 (einum tíunda) hlutfjárins, krefjast þess skriflega



með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins samkvæmt 87. gr. hlutafélagalaga.

*Shareholder's meeting shall be convened by the Board of Directors at the discretion of the Board by a resolution of a shareholders' meeting, or if the elected Auditor or shareholders holding a minimum of 1/10 – one tenth – of the shares of the Company request a meeting in writing, stating the business of the meeting. When a valid request for a meeting has emerged, the Board of Directors must convene a meeting within fourteen days of receiving the request. If the Board of Directors of the Company has not convene a meeting within that time, a request may be submitted to the Ministry of Commerce to convene the meeting pursuant to the provisions of Article 87 of the Companies Act.*

- 3.7 Til hluthafafundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Aðalfundir skulu boðaðir með minnst tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er að boða til annarra hluthafafunda með minnst viku fyrirvara.

*Shareholders' meetings shall be called by a notice to each shareholder or by a notice in a daily newspaper. Annual general meetings shall be called with at least two week's notice. Other general meetings can be called with at least one week's notice.*

- 3.8 Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningar (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

*At the latest one week in advance of a shareholders' meeting an agenda, final proposals and annual accounts (in a parent Company also a consolidated account), the report of the Board of Directors and Auditors' or Inspectors' report in the case of an Annual General Meeting, shall be laid open for inspection by shareholders at the Company's offices and at the same time sent to any registered shareholder who so request. Matters which are not included in the agenda of a shareholders' meeting shall not be subjected to a final decision expect with the consent of all of the shareholders in the Company; however a resolution thereon may be made passed for the guidance of the Company's Board of Directors. Lawfully proposed motions for amendments may be submitted at the meeting itself.*

- 3.9 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.



*Shareholders' meetings shall be presided over by a chairman elected at the meeting. The chairman shall resolve all issues relating to the lawfulness of the meeting pursuant to these Articles of Association, decide the form of discussion, process at the meeting and voting procedures.*

- 3.10 Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal láta skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað, og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

*The chairman of the meeting shall preside over the election of a secretary of the meeting who shall take the minutes. The decisions of shareholders' meeting and the results of poll shall be entered in the minutes. A list of the shareholders present and their proxies shall be entered in the minutes or accompany the minutes. The minutes shall be read out before the end of the meeting, if requested, and comments recorded if any. The chairman and the secretary shall sign the minutes. Fourteen day following shareholders' meeting, at the latest, shareholders shall have access to the minutes or a certified transcript of the minutes at the Company Office.*

- 3.11 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Á hlutahafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

*At shareholders' meetings, each króna of share capital shall carry on vote. Decisions at shareholders' meetings shall be taken by majority vote unless otherwise provided in these Articles or statutory law. Proposals are dismissed if they receive an equality of votes.*

- 3.12 Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og framkvæmdastjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrir er.

*In addition to shareholders and their proxies, the Auditor and Managing Director have the right to attend shareholders' meetings. They shall have unrestricted freedom to speak and submit motions at the meeting. The Board of Directors may also invite experts to attend individual meetings if their opinion or assistance is needed. A proxy*



attending a shareholders' meeting on behalf of a shareholder shall submit a written and dated letter of proxy. A letter of proxy may not be revoked with effect for the Company after it has been submitted on delivery of the documents of the meeting, or after the shareholders' meeting has been called to order whichever occurs first.

#### 4. STJÓRN FÉLAGSINS THE BOARD OF DIRECTORS OF THE COMPANY

- 4.1 Aðalfundur kys árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og fimm til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum.

*At the Annual General Meeting, five members and five alternate members shall be elected to the Board of Directors. The eligibility of members of the Board shall be subject to statutory law.*

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutfélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

*The notice declaring candidacy for the Board of Directors shall include, in addition to the name, address, and national ID number of the candidate, information on the candidate's primary occupation, other board memberships, education, experience, and share capital holdings in the Company. It shall also include information on connections with the customers and competitors of the Company, as well as connections with shareholders who hold more than 10% in the Company. Information received by the Board concerning candidates for Board membership of a public limited liability company shall be made available for shareholders perusal at the company offices no later than two days prior to the shareholders' meeting.*

- 4.2 Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.

*At the first meeting of a newly-elected Board of Directors a Chairman shall be elected and tasks shall be allocated in other respects.*

- 4.3 Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Varamenn taka sæti í fjarveru aðalmanna í þeirri röð sem þeir eru kjörnir á aðalfundi.

*It is permissible to hold Board meetings with the assistance of the Board and preside at Board meetings. Meetings shall be held at the discretion of the Chairman. The*



*Chairman shall also call a meeting of the Board if requested by one member of the Board of Managing Director. Reserve members shall attend Board meeting, in the absence of a primary member, in accordance with the election of reserve members at prior Annual General Meeting.*

Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafræna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Krefjist stjórnarmaður eða framkvæmdarstjóri þess skal stjórnarfundur vera haldinn með hefðbundnum hætti.

*It is permissible to hold Board meetings with the assistance of electronic media to the extent that this is consistent with the execution of the tasks of Board. If a Board member or Managing Director demands a Board meeting shall be held in the conventional manner.*

- 4.4 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögum. Stjórnin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

*The presence of the majority of the Board members constitutes a quorum. Important decisions, however, may not be taken unless all members of the Board have had the opportunity, if possible, of discussing the matter. Issues shall be decided by majority vote unless otherwise provided in these Articles of Association or other lawful instructions. Members of the Board shall keep minutes of proceedings at meetings of the Board and confirm such minutes with their signatures.*

- 4.5 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

*The Board of Directors constitutes the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings.*

- 4.6 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

*A Company's Board of Directors shall lay down their working rules and procedures wherein there are further stipulations concerning the execution of the Board's functions.*

- 4.7 Stjórnin skal skipa hæfa einstaklinga í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd félagsins.

Í endurskoðunarnefnd skulu vera þrjú nefndarmenn að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að tryggja áreiðanleika fjármálaupplýsinga til



hluthafa, hafa umsjón með innri endurskoðun félagsins og bókhaldskerfi, svo og að leggja mat á vinnu fjármálastjórnenda fyrirtækisins og kjörins endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Í starfskjaranefnd skulu vera þrír nefndarmenn að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum. Vegna eðlis starfa nefndarinnar mega hvorki framkvæmdastjóri né aðrir starfmenn eiga þar sæti. Hlutverk starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Starfskjaranefnd skal setja sér sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn félagsins.

*The Board of the Company shall appoint qualified individual in auditing committee and remuneration committee of the Company.*

*The auditing committee shall consist of three members at minimum. Members shall have experience and knowledge that is necessary for the committee's task. The role of the auditing committee is to insure the reliability of financial information that are introduce to share holders, have oversight of internal auditing of the Company and accounting as evaluate the work of financial management of the Company and elected auditor. The auditing committee shall incorporate procedural rules that shall be confirmed by the Board of the Company.*

*The remuneration committee shall consist of three members at minimum. Members shall have experience and knowledge that is necessary for the committee's task. Due to the nature of the committee's work neither the CEO nor other employees are eligible for the committee. The role of the remuneration committee is to insure that terms of management's employment are in consideration of the Company's long term profit, the performance of the employee and the share holders' interests. The remuneration committee shall incorporate procedural rules that shall be confirmed by the Board of the Company.*

4.8 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

*The signatures of the majority of the Board members shall be required to legally bind the company.*

## 5. FRAMKVÆMDASTJÓRI THE MANAGING DIRECTOR

5.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema



ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

*The Managing Director has charge of the day-to-day operations of the Company, and in this respect he shall observe the policy and directions of the Board of Directors. Day-to-day operations do not include measures which are unusual or extraordinary. Such measures may only be taken by the Managing director pursuant to special authorisation from the Board of Directors of the Company unless it is impossible to wait for the decisions of the Board of Directors without seriously disadvantaging the Company. In such cases, the Board of Directors shall be notified of the measures without delay.*

- 5.2 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

*The Managing Director shall ensure that the accounts of the Company are kept in accordance with statutory law and accepted practices and that the disposal of the property of the Company is secure.*

- 5.3 Framkvæmdastjóri ræður og segir upp starfsmönnum félagsins.

*The Managing Director shall hire and fire the employees of the Company.*

- 5.4 Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

*The Managing Director of the Company shall observe all the instructions of the Board of Directors. The Managing Director is required to provide any information that may be requested by the Company's Auditors.*

## 6. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN ACCOUNTING AND AUDITING

- 6.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald.

*The fiscal year of the Company shall be the calendar year. An annual financial statement of the Company shall be prepared each fiscal year in compliance with the provisions of statutory law on financial statements and accounting practices.*

- 6.2 Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn. Ekki má velja endurskoðanda úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.



*A chartered accountant or accounting firm shall be elected as Company Auditor at each Annual General Meeting of the Company for a term of one year. The Auditor shall not be selected from among the members of the Board or employees of the Company.*

- 6.3 Endurskoðandi skal rannsaka allt reikningshald félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur þess og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.

*The Auditor shall examine all the accounts of the Company in accordance with generally accepted accounting standards, and shall for this purpose inspect account records and other material relating to the financial position and operation of the Company. The Auditor shall at all times have access to all books and documents of the Company.*

## **7. EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS** **THE COMPANY'S OWN SHARE CAPITAL**

- 7.1 Félaginu er heimilt að eiga hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

*The Company may own up to 10% (ten per cent) of its own shares. Shares held by the Company in it do not carry voting rights. The Company may acquire shares only pursuant to authorization granted to the Board of Directors by a shareholders' meeting. Authorization to the Board of Directors to buy Company shares shall not be effective for longer than 18 months at a time.*

## **8. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS** **AMENDMENTS TO THE COMPANY'S ARTICLES OF ASSOCIATION**

- 8.1 Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

*The Articles of Association of the Company may be amended at lawfully convened shareholders' Meetings, provided that the notice of the meeting indicates that such amendments are scheduled and outlines the main substance of the amendments. An amendment takes effect only if approved with at least 2/3 of the cast votes and the consent of shareholders controlling at least 2/3 of the shares in the Company represented at the Meeting.*



8.2 Ákvæðum samþykktra þessa um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. hlutafélagalaga.

*However, the terms of this Articles regarding the voting rights of shareholders and equality among them cannot be amended except with the consent of all the shareholders who are subject to the curtailment of rights, cf. paragraph 3 of Article 94 of the Companies Act.*

## 9. SLIT Á FÉLAGINU OG SAMRUNI DISSOLUTION OF THE COMPANY AND MERGER

9.1 Ný þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og þarf þá samþykki hluthafa er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII kafla hlutafélagalaga.

*In the event that it is considered prudent or necessary to dissolve the Company, the approval of shareholders controlling at least 2/3 of the total share capital of the Company is required. Any meeting lawfully approving the dissolution of the Company shall provide directions on the disposal of the Company's assets and the payment of its debts pursuant to Chapter XIII of the Companies Act.*

9.2 Um samruna félagsins við önnur félög fer eftir XIV. kafla hlutafélagalaga.

*Merger of the Company with other companies is subject to Chapter XIV of the Companies Act.*

## 10. ÖNNUR ÁKVÆÐI OTHER PROVISIONS

10.1 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

*Where these Articles of Association provide no directions, the provisions of the Companies Act no. 2/1995 shall apply.*

Reykjavík, 16. nóvember 2011

*Guðsteinn Pálsson*  
*Hauka Kambur Friðilín*